

HLUTVERK	<p>Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þekkingarveita í allra þágu. Safnið veitir íslensku samfélagi þjónustu á öllum sviðum vísinda og fræða. Það er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.</p>
UM LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS - HÁSKÓLABÓKASAFN	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er bæði þjóðbókasafn Íslendinga og bókasafn Háskóla Íslands. ▶ Safnið miðlar margskonar upplýsingum á eigin vefjum og í samstarfsverkefnum s.s. Gegni og Landsaðgangi. ▶ Safnið veitir bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu menntunar, vísinda, atvinnulífs, stjórnsýslu og menningar. ▶ Í húsi safnsins, Þjóðarbókhöðunni, er góð vinnuaðstaða fyrir fræðimenn og námsmenn. ▶ Safnið veitir almenningi og fræðimönnum leiðsögn og aðgengi að upplýsingum og gögnum safnsins. ▶ Safnið er varðveislusafn samkvæmt lögum um skylduskil til safna og tekur til varðveislu gögn sem gefin eru út á Íslandi. ▶ Í safninu er þorri útgefinna íslenskra hugverka, erlend fræðirit og námsbækur, kort, handrit og einkaskjöl auk hljóðrita, kvikmynda og stafræns efnis. ▶ Safnið vinnur að fræðslu- og menningarstarfsemi með miðlun á vef, sýningarhaldi, námskeiðum, ráðstefnum og fyrirlestrum. ▶ Safnið tekur þátt í þróunarverkefnum, innanlands og utan, sem snúast um söfnun, varðveislu og miðlun.
FRAMTÍÐARSÝN	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Safnið gegni forystuhlutverki hvað varðar þróun og nýsköpun á sviði stafrænnar varðveislu og rafrænnar miðlunar gagna. ▶ Safnið sé í fararbroddi um miðlun og opið aðgengi að stafrænu efni fyrir alla landsmenn. ▶ Safnið vinni að því að íslensk gagnasöfn ætluð almenningi verði aðgengileg í gegnum eina samþætta vefgátt. ▶ Safnið sé virkur þátttakandi í starfi og þróun Háskóla Íslands. ▶ Safnið hafi frumkvæði að því að efla formlegt samstarf við hagsmunaaðila, þar með talið aðra háskóla. ▶ Safnið styrki enn frekar stöðu sína sem miðstöð þekkingarmiðlunar með því að taka þátt í og nýta þróun veraldarvefsins.
GILDI	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Frumkvæði ▶ Þróun og nýsköpun ▶ Metnaður og fagmennska ▶ Samvinna

1. Þróa og auka rafræna miðlun og bæta aðgengi að efni safnsins.

- ▶ Tryggja að rafræn miðlun verði grunnþáttur í starfsemi safnsins og að starfsfólk þess verði í forystu um þróun þekkingar á þessu sviði.
- ▶ Tryggja aðgengi að erlendu vísindaefni í gegnum Landsaðgang, séráskriftir eða minni samlög.
- ▶ Efla tengsl við Landskerfi bókasafna, styrkja Gegni og stuðla að samþættingu íslenskra gagnaveitna.

2. Efla söfnun og skráningu.

- ▶ Þróa stafræn geymslusöfn og auka söfnun og skráningu stafræns efnis.
- ▶ Þróa vefsöfnun enn frekar og veita aðgang að íslensku vefefni.
- ▶ Móta markvissa stefnu um söfnun og úrvinnslu á einkaskjalasöfnum.

3. Efla stafræna endurgerð.

- ▶ Auka stafræna endurgerð efnis í vörslu safnsins til miðlunar og í varðveisluskyni.
- ▶ Tryggja uppfærslu og endurskipulagningu eldra stafræns efnis.
- ▶ Hafa frumkvæði að opnara aðgengi höfundarréttarvarins efnis.

4. Efla langtímavarðveislu.

- ▶ Móta stefnu um langtímavarðveislu stafræns efnis.
- ▶ Setja upp geymslu fyrir langtímavarðveislu stafræns efnis og tryggja virka varðveislu.
- ▶ Móta stefnu um viðgerðir og varðveislu eldra safnefnis.

5. Efla samstarf við Háskóla Íslands og aðra notendur.

- ▶ Tryggja virka þátttöku í starfi og þróun HÍ og annarra háskóla.
- ▶ Efla samstarfsnet, styrkja ímynd safnsins og tengsl við almenning.
- ▶ Stuðla að auknu samstarfi og samfjármögnun verkefna.

6. Efla þjónustu.

- ▶ Auka áherslu á notendafræðslu og upplýsingalæsi.
- ▶ Efla miðlun upplýsinga um safnið og gögn þess.
- ▶ Hagræða og bæta þjónustu við notendur.

7. Auka skilvirkni skipulags og rekstrar.

- ▶ Meta virkni núverandi skipurits og skýra framsal ákvarðanatöku.
- ▶ Endurmeta gagnsemi og árangur fagsviða og auka virkni, hagkvæmni og gagnsæi verkferla.
- ▶ Auka virkni verkefnaáætlana og bæta verkefnastjórn.

8. Styrkja safnið sem eftirsóttan vinnustað.

- ▶ Hvetja til frumkvæðis starfsmanna, bæta samráð og upplýsingaflæði.
- ▶ Stuðla að virkari endurmenntun, hreyfanleika í starfi og félagslegum samskiptum.
- ▶ Móta stefnu og viðmið um rannsóknir innan safnsins.

STEFNA OG STARFSEMI SAFNSINS Í HNOTSKURN

